

AÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



Mynd: AKRAFJALL (Þórdís Björnsdóttir: <https://www.flickr.com/photos/thordisb/4660845392>)

HÓTEL HAMAR – BORGARBYGGÐ
29.03.2017

AÐALFUNDUR SSV 2017

AÐALFUNDUR SSV HALDINN Á HÓTEL HAMRI Í BORGARBYGGÐ
MIÐVIKUDAGINN 29. MARS.

DAGSKRÁ DAGSINS VAR EFTIRFARANDI:

Kl.09.30	Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands
Kl.10.15	Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
Kl.11.15	Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Kl.12.15	Hádegisverður
Kl.13.00	Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands
Kl.14.00	Kynning á starfsemi Vesturlandsstofu
Kl.14.30	Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Dagskrá aðalfundar SSV:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs hjá SSV og þeim félögum og rekstrareiningum sem SSV ber ábyrgð á.
2. Ársreikningar SSV og þeirra félaga og rekstrareininga sem SSV ber ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda.
3. Fjárhagsáætlun SSV 2017.
4. Starfsáætlun SSV 2017.
5. Kosning í stjórn SSV.
6. Kosning í þær nefndir sem starfa milli aðalfunda SSV.
7. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Hér á eftir er fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 2017

AKRANES

Ingibjörg Valdimarsdóttir, bæjarfulltrúi
Rakel Óskardóttir, bæjarfulltrúi
Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi
Jóhannes Karl Guðjónsson, bæjarfulltrúi
Valgarð Jónsson, stjórn SSV

BORGARBYGGÐ

Björn Bjarki Þorsteinsson,
sveitarstjórnarfulltrúi
Ragnar Frank Kristjánsson,
sveitarstjórnarfulltrúi
Helgi Haukur Hauksson, sveitarstjórnarfulltrúi
Magnús Smári Snorrason, sveitarstjórnarfulltrúi
Guðlaugur A. Júlíusson, sveitarstjóri

DALABYGGÐ

Porkell Cýrusson, sveitarstjórnarfulltrúi
Sigurður Bjarni Gilbertsson,
sveitarstjórnarfulltrúi
Ingveldur Guðmundsdóttir, stjórn SSV
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Eggert Kjartansson, oddviti

GRUNDARFJARÐARBÆR

Eyþór Garðarsson, bæjarfulltrúi
Rósa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi
Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri

HELGAFELLSSVEIT

Hilmar Hallvarðsson, oddviti

HVALFJARÐARSVEIT

Ása Helgadóttir, sveitarstjórnarfulltrúi
Stefán G. Ármannsson, sveitarstjórnarfulltrúi
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

Árni Hjörleifsson, oddviti

SNÆFELLSBÆR

Björn Hilmarsson, bæjarfulltrúi
Kristjana Hermannsdóttir, bæjarfulltrúi
Kristján Þórðarson, bæjarfulltrúi
Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

STYKKISHÓLMSBÆR

Hafdís Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi
Sigurður Páll Jónsson, bæjarfulltrúi
Lárus Á. Hannesson, bæjarfulltrúi
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri

STARFSMENN SSV

Anna Steinsen
Elísabet Haraldsdóttir
Hrefna Bryndís Jónsdóttir
Ólafur Sveinsson
Ólöf Guðmundsdóttir
Margrét Björk Björnsdóttir
Páll Brynjarsson
Sædís Björk Þórðardóttir
Vífill Karlsson

FULLTRÚAR OG GESTIR EFTIRFARANDI SAMSTARFSADILA SSV Á VESTURLANDI

Starfsendurhæfing Vesturlands
Símenntunarstöð Vesturlands
Heilbrigðisnefnd Vesturlands
Sorpurðun Vesturlands
Vesturlandsstofa

Fundargerð

Rakel Óskarsdóttir formaður SSV setti fundinn og bauð gesti velkomna og tilnefndi Björn Bjarka Þorsteinsson sem fundarstjóra og Margréti Björk sem ritara. Tillagan var samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri tilnefndi í kjörnefnd þau Vilborgu Guðbjartsdóttur, Kristjönu Hermannsdóttur og Ragnar Frank og var það samþykkt. Kjörnefnd kynnti niðurstöðu sína að loknum fyrsta dagskrárlið og þar kom fram að fundurinn var löglegur.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs hjá SSV og þeim félögum og rekstrareiningum sem SSV ber ábyrgð á.

Rakel Óskarsdóttir formaður SSV flutti skýrslu stjórnar um starfsemi SSV. Hún sagði að 2016 hafi verið gott starfsár hjá SSV. Aðalfundur var haldin hér á Hamri 6.apríl og síðan var haldið haustþing í Stykkishólmi 5. október þar sem ríflega 50 manns tóku þátt. Ferðaþjónustan var þema þingsins og voru góðir fyrirlestrar og margt gott sem þar var rætt.

Ný stjórn SSV var kosin til tveggja ára á aðalfundi s.l. vor og mun því sitja fram að haustþingi 2018. Kristín Björg Árnadóttir, lét af störfum sem formaður SSV um síðustu áramót þegar hún flutti búferlum frá Snæfellsbæ á Akranes og hætti störfum í sveitarstjórn, Rakel Óskarsdóttir varaformaður tók þá við formennsku og Hafdís Bjarnadóttir var kosin varaformaður í stað Rakelar. Stjórn SSV hélt sex fundi og lagði metnað sinn í að halda fundina vítt og breitt um Vesturland og kynnast starfsemi sveitarfélaganna þar sem fundað var.

Í árslok 2016 voru fastráðnir starfsmenn SSV átta talsins í 6,7 stöðugildum. Í nóvember var Ólöf Guðmundsdóttir ráðin til starfa sem atvinnuráðgjafi, auk þess sem Sædís Björk Þórðardóttir hefur starfað í 25% starfi á vinnusamningi frá s.l. sumri og er starfið hluti af endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Vesturlands.

SSV er samstarfsvettvangur sveitafélaga á Vesturlandi auk þess er öflugt samstarf á milli landshlutasamtaka, og við Samband íslenskra sveitarfélaga, þar sem fólk fundar um ýmis hagsmunamál og málefni líðandi stundar, ber saman bækur sínar og lærir hvort af öðru.

Haldnir eru fundir með þingmönnum kjördæmisins, þessir fundir eru alltaf að verða betri, en mikilvægt er að forma þessa fundi betur og mæta þar sem einn maður með samræmda áherslur fyrir landshlutann. Auk þess eru lagafrumvörp lesin yfir, gerðar umsagnir og fundað með þingnefndum. SSV átti einnig fulltrúa í samstarfsvettvangi EFTA fram á sumar 2016.

Hópur frá SSV og sveitarfélögum á Vesturlandi fór til Noregs þar sem fólk kynnti sér sveitarstjórnarstigið og byggðamál í Noregi, og hugmyndir um hvernig hægt er að efla sveitarstjórnarstigið. Þetta var mjög góð ferð og lærdómsrík.

Ný heimasíða SSV er komin í notkun, sem er mjög ánægjulegt, þar er m.a. áhersla á að kynna byggðarannsóknir og þróun með aðgengilegri tölfærði sem áhugavert er að skoða.

Sóknaráætlun Vesturlands er fyrirferðamikil innan starfsemi SSV. Samráðsvettvangur um sóknaráætlun þar sem sitja 30 manns úr öllum áttum á Vesturlandi fundaði tvisvar á árinu. Þar var rætt um Byggðaáætlun 2017-2023, og valin áhersluverkefni fyrir Sóknaráætlun Vesturlands árið 2017. Þetta starf hefur að mörgu leyti tekist mjög vel og á síðasta ári var unnið að fimm áhersluverkefnum. Það voru: fjölgun iðnnema, efling menntunar í ferðaþjónustu og matvælaíðnaði, efling ferðaþjónustu, menningarstefna Vesturlands, nýsköpun og frumkvöðlar.

Uppbyggingarsjóðurinn úthlutaði styrkjum til 90 ólíkra verkefna 2016 að upphæð 56,4 milljónir. En sjóðurinn veitir styrki til menningarverkefna, stofn og rekstrarstyrkja menningarmála og styrki til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Það er mikil vinna að leiðbeina umsækjendum og vinna úr umsóknum um styrki í uppbyggingarsjóðinn og þakkaði Rakel öllum sem koma að þeirri vinnu fyrir vel unnin störf.

Atvinnuráðgjöfin byggir á samningi við Byggðastofnun sem greiðir u.þ.b helming af kostnaði við rekstur hennar. Fjórir atvinnuráðgjafar starfa hjá SSV í dag sem sinna mjög fjölpættum verkefnum, en það má merkja að ráðgjöf við ferðaþjónustu er ört vaxandi. Atvinnuráðgjöfin þarf að vera sýnileg og geta brugðist hratt við verkefnum á Vesturlandi hvort sem það er upp- eða niðursveifla í samfélaginu.

Rekstur almenningsgangna hefur verið þungur á Vesturlandi m.a. vegna þess að rútufyrirtæki hafa verið að keyra ofan í leiðir almenningsgangna yfir sumartímann. Frumvarp um farþegaflutninga á landi er til umfjöllunar í þinginu í dag sem vonandi tryggir einkaleyfi landshlutasamtakanna á þeim sérleiðum sem samningar eru um. Rekstur strætó var þó í jafnvægi 2016 og ágætur árangur hefur náðst við að lækka skuldir á þessum rekstrarlið og eru þær um 1 m.kr. í dag. Það er hins vegar áhyggjuefni að farþegum hefur fækkað á leiðum SSV.

Samgönguáætlun Vesturlands var farsælt skref í samstarfi innan SSV, þar sem sjö manna samstarfshópur vann tillögu að forgangsroðun í uppbyggingu í samgöngum og fjarskiptum á Vesturlandi. Tillagan var tilbúin haustið 2016 og þá vísað til umsagnar til allra sveitarfélaga á Vesturlandi og endanlega samþykkt snemma árs 2017.

Málefni fatlaðra á Vesturlandi er í umsýslu þjónusturáðs sem ber hita og þunga af þessu verkefni, en í því sitja forsvarsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga á Vesturlandi. Hlutverk SSV er fyrst og fremst að útdeila fjármunum eftir fyrirfram ákveðnum reglum sem um það gilda. Nýr samningur ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun á verkefninu jók framlög til Vesturlands um ríflega 100 m.kr., en samt sem áður borga sveitarfélög á Vesturlandi með þessu verkefni.

Að lokum þakkaði Rakel stjórn og starfsmönnum SSV fyrir gott samstarf árið 2016 og hvatti fólk til dáða varðandi starfsemi SSV 2017.

2. Ársreikningar SSV og þeirra félaga og rekstrareininga sem SSV ber ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda.

Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV kynnti ársreikninga SSV og þjónusturáðs um málefni fatlaðra fyrir árið 2016. Páll fór fyrst yfir reikninga þjónusturáðsins, en helstu kennitölur varðandi það eru:

Rekstrarreikningur

- Tekjur kr. 590.728.492 (frá ríki og sveitarfélögum)
- Gjöld kr. 588.760.138 (framlög til sveitarfélaga + sameiginlegur kostnaður)
- Fjármunatekjur kr. 409.000
- Rekstrarafkoma ársins kr.2.377.000

Efnahagsreikningur

- Eignir kr.94.465 (Kröfur á tengda aðila + handbært fé)
- Óráðstöfuð framlög kr. 6.346.591
- Skammtímaskuldir 88.119.189 (skuldir við tengda aðila)

Sjóðstreymi

- Veltufé frá rekstri kr.1.719
- Handbært fé í lok árs kr.55.551

Helstu frávik frá fjárhagsáætlun eru þau að tekjur voru mun hærri en áætlað var, þar eða framlög Jöfnunarsjóðs hækkuðu vegna breytinga á SIS-mati og góðrar fjárhagsstöðu sjóðsins. Auk þess fékk Vesturland viðbótarframlag vegna endanlegs uppgjors fyrir árið 2015. Greiðslur frá Jöfnunarsjóði dekkjuðu því um 92% af áætluðum kostnaði við þjónustupörf.

Fjárveitingar sem tengjast þessum auknu tekjum frá Jöfnunarsjóði bárust þó að hluta ekki fyrr en nú í febrúar og eru því færð sem skammtímaskuldir við sveitarfélögin á Vesturlandi í ársreikning SSV, þar sem ekki var hægt að að greiða þá fjárhæð út til sveitarfélaganna fyrir árslok 2016.

Því næst fór Páll yfir lykiltölur varðandi rekstur SSV árið 2016:

Rekstrarreikningur

- Tekjur kr.440.089.384
- Gjöld kr.431.333.478
- Vaxtagjöld kr. 34.586
- Rekstrarniðurstaða kr. 8.721.320

Efnahagsreikningur

- Eignir kr. 171.979.564 (Fasteign, bifr., búnaður eignarhl., kröfur og handbært fé)
- Skuldir kr.123.224.599 (Skammtímaskuldir, óútgreiddir styrkir og langtímaskuld)
- Eiginfjárreikningur kr. 48.754.965

Sjóðstreymi

- Veltufé kr. 11.324.592
- Handbært fé kr. 47.161.326

Tekjur SSV voru rúmlega 440 milljónir og var það í samræmi við áætlun. Sama má segja um rekstrargjöld, en þau voru einnig í samræmi við áætlun og frávik lítil. Heildarútgjöld voru rúmar 431. millj. og var því hagnaður af rekstri um tæpar 8 milljónir. Þessi hagnaður er fyrst og fremst tilkominn vegna þess að það fékkst styrkur frá Vegagerðinni til að greiða niður eldri skuldir vegna almenningsamgangna og tilraunaverkefnis með strætóleið á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Páll fór því næst nánar yfir rekstur almenningsamgangna, en tekjur af þeim námu rúmri 321. milljón 2016. Þar af voru tekjur frá Ríki og sveitarfélögum rúmar 168. milljónir, en framlög hins opinbera hækkuðu um 14. milljónir á árinu. Farþegatekjurnar lækkuðu hins vegar um 6 milljónir á milli ára og voru því rétt tæpar 153. milljónir 2016. Gjöldin vegna almenningsamgangna voru rúmar 314. milljónir 2016. Greiðslur til verktaka hækkuðu um 10. milljónir, og voru rúmlega 305,5 milljónir. Annar kostnaður og greiðslur voru rúmlega 16,5 milljónir. Skuld frá árinu 2012, sem upphaflega var um 19. milljónir er ekki fullfrágengin, en stendur í rúmri milljón í dag. Unnið er að því að taka almenningsamgöngur út úr reikningum SSV og setja í sér félag.

Sóknaráætlun flækir efnahagsreikning SSV nokkuð þar sem fjármunum sem úthlutað er í verkefni og veittir styrkir í verkefni í gegn um Uppbyggingarsjóð vilja tefjast, þar sem verkefnin ganga ekki nógu hratt fyrir sig og SSV fær greitt frá ríkinu í samræmi við framvindu verkefna. Þetta þýðir að verkefni flæða á milli ára og skapa því annars vegar kröfur á ríkissjóð og hins vegar skammtímaskuld hjá SSV við styrkþega. Því þarf að brýna umsækjendur til að vanda undirbúning verkefna og umsóknir þannig að verkefnisáætlanir gangi eftir og hægt sé að innheimta styrkfé á því ári sem styrkirnir eru veittir. Einnig þarf að taka það til skoðunar hvort það er hagstæðara að hafa aðeins eina úthlutun á ári – og þá snemma árs – til að öllum styrkjunum sé úthlutað snemma og þeir fjármunir nýttir til verkefna á því ári.

Páll þakkaði svo fyrir gott starfsár hjá SSV.

Fundarstjóri þakkað Páli fyrir þessa kynningu á ársreikningi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir úr sal. Spurt var um einkaleyfi á akstursleyfi almenningsamgangna og svaraði Páll því til að um nokkurt skeið hefði legið fyrir Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um fólksflutninga þar sem sérleyfi landshlutasamtakanna á umsömdum akstursleiðum væri tryggt. Hins vegar hefði það gerst nú að ESA hefði þrýsti á innanríkisráðuneytið um að klára áður nefnt frumvarp og því allar líkur að því að það fengi afgreiðslu á Alþingi á þessu starfsári.

Fleiri fyrirspurnir bárust ekki og engin kvað sér hljóðs.

3. Fjárhagsáætlun SSV 2017.

- Fjárhagsáætlun SSV 2017 var samþykkt á haustþingi 2016

4. Starfsáætlun SSV 2017.

- Starfsáætlun SSV 2017 var samþykkt á haustþingi 2016

5. Kosning í stjórn SSV.

Ný stjórn SSV var kosin til tveggja ára á aðalfundi s.l. vor og mun því sitja fram að haustþingi 2018. En þar sem nokkuð hefur verið um brotthvarf fulltrúa úr stjórn SSV af persónulegum ástæðum, þá bað fundarstjóri Pál að fara yfir lög SSV varðandi kjör til stjórnarsetu í SSV. Þar kom fram að heimilað hafði verið að sveitarfélag skipti um stjórnarfulltrúa á miðju starfsári. Í umræðu í kjölfarið kom fram vilji fundarins að breytingar á stjórn yrðu aðeins heimilaðar á aðalfundi eða haustþingi og stjórn falið að vinna að lagabreytingu fyrir haustþing varðandi þetta.

6. Kosning í þær nefndir sem starfa milli aðalfunda SSV.

Ekki þurfti að kjósa í nefndir að þessu sinni.

7. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.

Fundarstjóri óskaði eftir því að framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögu um breytingar á launakjörum stjórnar- og nefndarmanna SSV. Lögð var fram svohljóðandi tillaga:

1. Laun stjórnar skulu nema 2,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 5% af þingfararkaupi á hvern stjórnarfund. Formaður fær sömu laun fyrir aðra fundi sem hann sækir fyrir hönd stjórnar SSV.
2. Laun fulltrúa í nefndum skulu nema 1,66% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns nefndar skulu nema 3,32% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.
3. Fulltrúar í stjórnnum, ráðum og nefndum skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað. Auk þess sem þeir fá greiddan helming af dagpeningagreiðslu (innanlands) fyrir hvern fund.

Tillagan var samþykkt samhljóða

8. Kosning endurskoðanda.

Fundarstjóri lagði fram tillögu um að KPMG yrði endurskoðandi reikninga SSV árið 2017. Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál löglega fram borin.

Engin mál höfðu borist undir þessum dagskrárlið.

Rakel Óskarsdóttir formaður SSV þakkaði fundarstjóra og fundamönnum fyrir góðan fund og sleit fundi.